

Niðurstöður aðalfundar Haga hf. 3. júní 2021

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 3. júní 2021. Fundurinn hófst kl. 09:00. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, var lagður fram og samþykktur samhljóða.

2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 59,5% hagnaðar ársins, eða 1,27 krónur á hlut, samtals 1.500 milljónir króna, var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 7. júní 2021, arðleysisdagur 4. júní 2021 og arðgreiðsludagur 16. júní 2021.

3) Tillaga um lækkun hlutafjár og breytingu á samþykktum (dagskrárliður 4)

Tillaga stjórnar Haga hf. um lækkun hlutafjár til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði kr. 26.391.689 var samþykkt samhljóða. Felur það í sér breytingu á grein 2.1 í samþykktum félagsins þar sem hlutafé félagsins verður lækkað úr kr. 1.180.624.568 að nafnverði í kr. 1.154.232.879 að nafnverði.

4) Þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar Haga hf. um hækkun stjórnarlauna var samþykkt, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 700.000,- á mánuði, varaformaður kr. 515.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 350.000,- á mánuði. Samþykkt var að laun í undirnefndum stjórnar verði óbreytt, eða kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð. Þá var samþykkt að nefndarmönnum tilnefningarnefndar verði greitt sky. reikningi 20 þús. kr. pr/klst.

5) Starfskjarastefna (dagskrárliður 6)

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins og kaupréttarkerfi ásamt skýrslu starfskjaranefndar fyrir nýliðið starfsár. Þá lá fyrir breytingartillaga frá Gildilífeyrissjóði um tillögu stjórnar að kaupréttarkerfi. Var breytingartillagan samþykkt á fundinum með meirihluta atkvæða. Þá var kaupréttarkerfið, svo breytt, og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu samþykkt samhljóða á fundinum.

6) Tillaga um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar (dagskrárliður 7)

Tillaga stjórnar um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar var samþykkt samhljóða á fundinum.

7) Kosning tilnefningarnefndar (dagskrárliður 8)

Samþykkt var samhljóða tillaga stjórnar Haga að þrjú eftirtaldir fulltrúar verðir kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins.

Ásta Bjarnadóttir, vinnusálfræðingur
Björg Sigurðardóttir, endurskoðandi
Símon Á. Gunnarsson, endurskoðandi

8) Kosning stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 9)

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Davíð Harðarson, f. 1976
Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968
Eva Bryndís Helgadóttir, f. 1972
Jensína Kristín Böðvarsdóttir, f. 1969
Katrín Olga Jóhannesdóttir, f. 1962

Fimm voru í framboði til stjórnar félagsins og var því sjálfkjörið. Allir frambjóðendur skipuðu áður stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

9) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 10)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Tillagan var samþykkt samhljóða.